



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessyni**

Ég færi Flateyringum framtíðar, öðrum landsmönnum og jarðarbúum góðar kveðjur. Síðsumars 2018 hélt ég til Flateyrar í embættiserindum, hélt opunarávarp við setningu Lýðháskólans sem þá til starfa í þorpinu. Vonandi náði hann að dafna en það má vel viðurkennast hér að ég var alls ekki viss um það. Framtakið vildi ég þó samt styðja og styrkja.

Í þessari heimsókn leit ég við hér og þar á eyrinni, meðal annars hjá björgunarsveitinni og Úlfari Önundarsyni þúsundþjalasmið, að ekki sé minnst á Sólbakka, æskuheimili Binnu vinkonu minnar, dóttur Einarss Odds Kristjánssonar og Sigrúnar Gerðu, þeirra heiðurshjóna. Og sérlega gaman var að halda inn í horfinn heim í versluninni góðu, Bræðurnir Eyjólfsson, sem tók til starfa árið 1918. Í þessari bókabúð má finna anda liðins tíma, þar var gott að vera, ekki síst þegar í hlut á maður eins og ég, hrifnastur af sögu og fortíð, og frekar uggandi um framtíð mannkyns.

Vonandi hefur mannfólki auðnast að dafna á framfarabraut. Árið 2118 verð ég löngu horfinn undir græna torfu og börnin mín væntanlega sömuleiðis þótt ekki sé loku fyrir það skotið að þau nái að lifa á annað hundrað ára. Þegar þetta er skrifað hef ég ekki eignast barnabörn en leyfi mér að vænta þess að þau komi síðar í heiminn. Verði sú raunin leyfi ég mér líka að færa öllum mínum afkomendum sérlega góðar kveðjur. Hver veit, kannski fylgist ég með ykkur!

Öllum sem lesa þessi orð mín óska ég velfarnaðar og ítreka þá von að í óræðri framtíð hafi fólki tekist að lifa í sátt og samlyndi við hvert annað og móður jörð. Þá var til einhvers unnið um mína daga.

Bessastöðum, 12. október 2018

Guðni Th. Jóhannesson